

EFTIRLITSSKÝRSLA

Terra (Gámaþjónusta Norðurlands) Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	5.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Terra (Gámaþjónusta Norðurlands)	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4812871039	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú ný frávík komu fram í eftirlitinu. Þau varða að hvorki grænu bókhaldi né skráningum skv. gr. 5.1 í starfsleyfi var skilað á réttum tíma og gildir það bæði fyrir skráningar sem átti að skila fyrir 1. maí 2021 og 1. maí 2022, auk þess var sýni ekki tekið úr frárennsli fyrir 1. október 2022. Tvær ábendingar voru gerðar. Önnur vegna skila á gögnum og hin vegna þess að merkingar vantar á ílát sem spilliefnum er safnað í.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Terra Umhverfisþjónustu á Akureyri. Helgi Pálsson rekstrarstjóri var fulltrúi rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Terra Umhverfisþjónusta er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 16. júlí 2012 og gildir til 16. júlí 2028.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eldri frávík og ábendingar
- Skil á gögnum skv. starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Niðurstöður mælinga undanfarin ár hafa sýnt að vatn í frárennsli stenst ekki kröfur starfsleyfis. Frárennsli spilliefnamóttökunnar var því aðskilið öðru frárennsli, en mælingar ársins, sem gera á fyrir 1. október, hafa enn ekki verið gerðar svo ekki er hægt að segja til um árangur þeirra aðgerða.

- Eldri frávík og ábendingar

Ábending var gerð í eftirliti 2020 um að öll ílát sem innhalda spilliefni skulu merkt m.a. með heiti innihaldsefnis og viðeigandi hættumerkingum. Hættumerkingar vantar í einhverjum tilfellum á kör sem spilliefnum er safnað í.

Ábending var gerð í eftirliti 2019 um að uppfæra þyrfti viðbragðsáætlun og hefur það verið gert.

- Skil á gögnum skv. starfsleyfi

Grænu bókhaldi var ekki skilað á réttum tíma, hvorki fyrir árið 2020 né 2021, en því ber að skila fyrir 1. maí ár hvert.

Niðurstöðum skráninga skv. gr. 5.1 í starfsleyfi, sem skila á til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí, var hvorki skilað fyrir árið 2020 né 2021 nema að því leyti sem kemur fram í grænu bókhaldi. Rekstraraðila er bent á að kynna sér vel hvaða gögnum ber að skila til Umhverfisstofnunar.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

- Önnur mál

Farið var yfir umhverfsvottun starfsleyfishafa (ISO 14001) sem gildir til ársins 2024.

- Skoðunarferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Lóðin er snyrtileg og ekki tilefni til athugasemda nema, eins og áður

hefur komið fram í skýrslunni, að merkja þarf öll ílát með heiti innihaldsefnis og viðeigandi hættumerkingum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 5.4 í starfsleyfi	Gögn sem rekstraraðili átti að senda skv. starfsleyfi fyrir 1. maí 2021 og 1. maí 2022, hafa ekki borist.
gr. 5.5 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi vegna árána 2020 og 2021 var ekki skilað á tilskildum tíma, en því ber að skila fyrir 1. maí ár hvert.
gr. 5.2 í starfsleyfi	Mælingar á frárennslisvatni voru ekki framkvæmdar fyrir 1. október 2022.

ÁBENDINGAR


Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Rekstraraðila er bent á að skila öllum gögnum sem tilgreind eru í starfsleyfi.
- 2) Hættumerkingar vantar á kör sem spilliefnum er safnað í.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.11.2022



Freyr Evarsson

